

Fundargerð

34. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Ár 2010, föstudaginn 12. nóvember, var 34. aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) haldinn í Hlégarði í Mosfellsbæ og hófst fundurinn kl. 14:00

Þetta gerðist:

Haraldur Sverrisson, bærarstjóri og formaður stjórnar SSH setti fund og stýrði kjöri fundarstjóra og ritara, en fundarstjóri var kjörinn Hafsteinn Pálsson bærarfulltrúi í Mosfellsbæ. Fundarritari var kjörinn Stefán Ómar Jónsson framkvæmdastjóri stjórnslusviðs Mosfellsbæjar.

1. Ávarp.

Herdís Sigurjónsdóttir 1. varaforseti bærarstjórnar Mosfellsbæjar og formaður bæjarráðs ávarpaði fundargesti. Herdís vék meðal annars í ræðu sinni að sögu Hlégarðs, kom inná sögu Mosfellssveitar og Mosfellsbæjar ásamt fleiri áhugaverðum punktum.

2. Aðalfundarstörf.

- Skýrsla stjórnar vegna starfsársins 2009-2010, Haraldur Sverrisson formaður stjórnar SSH.
Formaður greindi frá því helsta sem unnið hefur verið á vettvangi SSH frá því síðasti aðalfundur var haldinn. Einnig vék formaður að ýmsum verkefnum aðildarsveitarfélaganna s.s. að flutningi á málefnum fatlaðar yfir til sveitarfélaganna um n.k. áramót ásamt fleiru.

- Endurskoðaður ársreikningur fyrir árið 2009 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2011, Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH.
Framkvæmdastjórinn fór yfir framlagðan og endurskoðaðan ársreikning fyrir árið 2009. Helstu niðurstöður eru þessar:

Rekstrareikningur.

Rekstrartekjur	21,296 þús. kr.
Rekstrargjöld	39,960 þús. kr.
Fjármunatekjur/ gjöld	3,435 þús. kr.
Rekstrarhalli	14,229 þús. kr.

Efnahagsreikningur.

Eignir	30,341 þús. kr.
Eigið fé	28,402 þús. kr.
Skammtímaskuldir	1,940 þús. kr.

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir og skýrði tillögu stjórnar SSH að fjárhagsáætlun fyrir árið 2011.

Fyrirspurnir og umræða um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun. Jón Jósef Bjarnason Mosfellsbæ spurðist fyrir um launakostnað sem framkvæmdastjóri veitti svör við.

Ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og var hann samþykktur samhljóða

Tillaga um að árgjald aðildarsveitarfélga til SSH árið 2011 verði óbreytt frá fyrra ári, 20 kr. á hvern íbúa, var samþykkt samhljóða, og fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 var einnig samþykkt samhljóða.

- Kosningar

Samkvæmt hefð kom fram tillaga um Ásgerði Halldórsdóttur sem næsta framkvæmdastjóra SSH og var hún samþykkt.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins löggilts endurskoðanda.

Tillaga kom fram um að skoðunarmenn reikninga verði:

Aðalmenn:

Björk Vilhelmsdóttir, Reykjavík og Páll Hilmarsson, Garðabæ.

Samþykkt samhljóða.

Tillaga kom einnig fram um að löggiltur endurskoðandi verði hinn sami og nú er, þ.e. Eyvindur Albertsson, frá KPMG Endurskoðun hf.

Samþykkt samhljóða.

Framkvæmdastjóri lagði fram yfirlit yfir skipan stjórnar og fulltrúaráðs SSH sem er eftirfarandi:

Stjórn SSH:

Haraldur Sverrisson
Ásgerður Halldórsdóttir
Jón Gnarr Kristjánsson
Guðmundur Rúnar Árnason
Guðrún Pálsdóttir
Gunnar Einarsson
Pálmi Mátsson
Guðný G. Ívarsdóttir

Varastjórn:

Herdís Sigurjónsdóttir
Sigrún Edda Jónsdóttir
Dagur B. Eggertsson
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir
Guðríður Arnardóttir
Erling Ásgeirsson
Snorri Finnlaugsson
Guðmundur Davíðsson

Fulltrúaráð SSH, tilnefning eftir sveitarstjórnarkosningar 2010

Tilnefningar skv. 5. grein samþykktar SSH.

Sveitarfélagið Álfanes

Snorri Finnlaugsson og Einar Karl Birgisson

Garðabær

Áslaug Hulda Jónsdóttir og Sturla Þorsteinsson

Hafnarfjarðarkaupstaður

Gunnar Axel Axelsson og Helga Ingólfssdóttir

Kjósarhreppur

Rebekka Kristjánsdóttir og Þórarinn Jónsson

Kópavogsbær

Guðný Dóra Gestsdóttir og Margrét Björnsdóttir

Mosfellsbær

Karl Tómasson og Jónas Sigurðsson

Reykjavíkurborg

Björk Vilhelmsdóttir og Hanna Birna Kristjánsdóttir

Seltjarnarnesbær

Lárus B. Lárusson og Árni Einarsson

3. SSH – samstarf sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu – framtíðarsýn.

Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf. flutti framsögu um stefnumótun aðildarsveitarfélaga SSH um framtíðarsýn í sameiginlegum viðfangsefnum, samstarfi og samvinnu þeirra.

Haraldur Sverrisson fráfarandi formaður tók fyrstur til máls og fannst margt athyglivert í framsögu Reynis, hann kom einnig inná möguleg sameiningarmál á höfuðborgarsvæðinu og möguleika á aukinni samvinnu.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi í Reykjavík þakkaði fráfarandi formanni SSH fyrir störf hans og óskaði nýkjörnum formanni til hamingju með kjörið. Dagur kom einnig inná sameiningarmál og lagði áherslu á að menn ættu að þora að ræða þau í fullri hreinskilni.

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi Hafnarfirði þakkaði fyrir samantekt og framsögu Reynis og kom meðal annars inná eflingu sveitarstjórnarstigsins, sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og byggðarsamlögin.

Jón Gnarr borgarstjóri í Reykjavík sagðist vilja leggja orði í belg varðandi sameiningarhugmyndir sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og fór hann nokkrum orðum yfir sýn sína þar á.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi þakkaði það traust sem henni væri sýnt með því að kjósa hana sem næsta formann SSH og einnig þakkaði hún fráfarandi formanni Harald Sverrissyni fyrir hans formannsstörf. Fór hún síðan nokkrum orðum yfir samantekt Reynis.

Jón Jósef Bjarnason bæjarfulltrúi Mosfellsbæ fór nokkrum orðum um sameiningarmál og mögulegan sparnað í stjórnsýslunni með því að nota opinn hugbúnað og það menn endilega um að skoða þetta.

Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri í Kópavogi óskaði nýkjörnum formanni SSH til hamingju og einnig þakkaði hún fráfarandi formanni samstarfið. Guðrún vék í

orðum sínum að sameiningarmálum og samstarfi sveitarfélaganna á vettvangi byggðarsamlaganna.

Jónas Sigurðsson bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ kom inná hugleiðingar varðandi sameiningarmál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og velti upp ýmsum sjónarmiðum.

Guðríður Arnardóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi kom einnig inná sameiningarmál sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og talaði um að menn ættu að vera óhræddir að velta upp og ræða sameiningarmál frá öllum hliðum meðal annars út frá landfræðilegum aðstæðum ekki síður en út frá núverandi sveitarfélagamörkum.

Herdís Sigurjónsdóttir bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ þakkaði fyrir samantekt Reyntis og fór síðan nokkrum orðum um mögulega sameiningu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

4. Tilfærsla á þjónustu við fatlaða – undirritun samstarfssamnings.

Páll Guðjónsson framkvæmdastjóri SSH fór stuttlega yfir aðdraganda að gerð samstarfssamnings sveitarfélaga innan vébanda SSH um þjónustu við fatlaða. Að því loknu fór fram undirritun samstarfssamningsins.

5. Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga 2011 – staða og horfur.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ fór yfir stöðu og horfur í fjárhagsáætlunum sveitarfélaga innan SSH. Haraldur sagði meðal annars frá samstarfi sem sveitarfélögin hafa átt með sér í gegnum embættismannanefndir á vegum SSH þar sem hefur verið farið yfir ýmiss atriði sem gagnast gæti sveitarfélögunum að eiga samstarf um í fjárhagsáætlunarvinnu vegna 2011. Haraldur lagði síðan fram tillögu að ályktun aðalfundar SSH, fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið 2011.

Fundarstjóri bar því næst tillöguna um ályktun aðalfundar SSH, vegna fjárhagsáætlanir sveitarfélaganna fyrir árið 2011, undir fundinn og var hún samþykkt samhljóða.

6. Ný skipulagslög – kynning.

Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir og kynnti ný skipulagslög. Guðjón kom einnig stuttlega inná frumvarp að nýjum sveitarstjórnarlögum hvað varðar fjölda sveitarstjórnarmanna og auglýsti eftir viðbrögðum við þeim hugmyndum sem koma fram í frumvarpsdrögunum.

7. Almennar umræður um málefni sveitarfélaganna.

Guðríður Arnardóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi kom upp og ræddi málefni SHS út frá nýgerðum kjarasamningum við slökkviliðsmenn.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæ kom inní umræðuna um kjarasamninga SHS og taldi málið ennþá vera á borði stjórnar SHS.

Ómar Stefánsson bæjarfulltrúi í Kópavogi auglýsti eftir niðurstöðu við tillögu sem Ármann Kr. Ólafsson bæjarfulltrúi í Kópavogi flutt var á síðasta aðalfundi. Hann kom einnig inná skíðasvæðin í Bláfjöllum og ræddi sameiningarmál á höfuðborgarsvæðinu og tali sameiningu við Reykjavík ólíklega.

Haraldur Sverrisson fráfaraði formaður SSH svaraði Ómari stuttlega um það hver staðan væri varðandi tillögu Ármanns.

Guðmundur Rúnar Árnason bæjarstjóri í Hafnarfirði fór yfir stöðuna hvað varðar kjarasamninga við slökkviliðsmenn.

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi í Reykjavík ræddi sameiningarmál á höfuðborgarsvæðinu og hvatt til opinnar umræðu um þau mál. Hann ræddi einnig um málefni skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Guðríður Arnardóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi kom upp og ræddi málefni skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Ásgerður Halldórsdóttir, nýkjörinn formaður SSH, þakkaði starfsmönnum fundarins, frummælendum og fundarmönnum öllum fyrir góðan fund um leið og hún sleit fundinum.

Fundi slitið kl.17:40.